

1904233 – Bjarg íbúðafélag umsókn um stofnframlag

Með vísan til 3. mgr. 2. gr. reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlög leggur Matsnefnd um veitingu stofnframlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar til við bæjastjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar að **Bjargi íbúðafélagi hses, kt. 490916-0670, Kletthálsi 1, Reykjavík** verði úthlutað 12% stofnframlagi vegna byggingar á 150 íbúðum í Hamranesi í Hafnarfirði. Áætlað heildarstofnvirði bygginganna er samkvæmt umsókn kr. 4.747.662.489.

Lagt er til að stofnframlagið verði veitt með lækkun lóðaverðs og gatnagerðargjalda og með vísan til 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 að stofnframlagið veitt með því skilyrði að það verði endurgreitt þegar þau lán sem tekin voru til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem sveitarfélagið hefur veitt stofnframlag til, hafa verið greidd upp. Um endurgreiðslu stofnframlags skal fara eftir 16. gr. sömu

Hafnarfirði, 19. júní 2019

f.h. Matsnefndar um veitingu stofnframlaga
Sigríður Kristinsdóttir,
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Með vísan til 2. gr. reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlög leggur bæjarstjóri til við bæjarráð að bæjarráð staðfesti með vísan til 1. mgr. 2. gr. sömu reglna veitingu stofnframlaga til **Bjargs íbúðafélags hses, kt. 490916-0670** vegna byggingar á 150 íbúðum í Hamranesi, sbr. tillögu Matsnefndar um veitingu stofnframlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Stofnframlagið verði veitt með lækkun lóðaverðs og gatnagerðargjalda. Með vísan til 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 er stofnframlagið veitt með því skilyrði að það verði endurgreitt þegar þau lán sem tekin voru til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem sveitarfélagið hefur veitt stofnframlag til, hafa verið greidd upp. Um endurgreiðslu stofnframlags fer eftir 16. gr. sömu laga.

Hafnarfirði, 19. júní 2019

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri